

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Grunntónfræði G2 - númer

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: G1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Tóntegundirnar dúr og moll eru skoðaðar ítarlega frá hvaða tóni sem er og með hvaða hætti þær eru greindar og skráðar. Farið er vel í þrjár útgáfur molltónstigans. Enfremur hvernig dúr, moll og tónn hljóðfæris mótar blæ tónlistar. Stærð tónbila er könnuð og þau fullgreind á blaði. Tónbilagreinig eftir heyrn tekur nú til allra tónbila innan áttundar. Hryn- og sönglestur heldur áfram á líkan máta og í G1 en með smærri lengdargildum og fjölbreyttari melódíum. Hið sama á við um upprit hryns og laglínu. Nemendur vinna einnig valverkefni sem skila ber fyrir lok áfangans.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á stöð dúrs og molls í tónlist. Hann þekki öll tónbil innan áttundar og hvernig ber að greina þau, tónlit algengustu hljóðfæra og skilji einfalda formgreiningu.

Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í greina og skrá alla dúra og molla. Ennfremur að fullgreina og skrá öll tónbil innan áttundar. Hann sé leikinn í að lesa hryn þar sem slag getur verið tví eða fjórdeilt með algengustum hætti og söngrænar og tiltölulega einfaldar laglínur í dúr. Hann þarf líka að geta skráð nokkurra takta samsvarandi tóndæmi eftir heyrn og formgreint einfalt lag.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að iðka tónlist þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Einnig telst hann þá hæfur til byrja miðnám í tónfræðagreinum.

Námsgögn:

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Valverkefni		40%
Vinnubók og skrifleg tónheyrnarverkefni		40%
Hrynlestur		10%
Sönglestur		10%

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Farið yfir nauðsynleg námsgögn vetrarins. Valverkefni kynnt. Upprifjun efnis úr G1	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Frekari upprifjun á efni úr G1 áfanganum. Farið í aðferðir við að þekkja og skrá formerki í öllum dúrum og hreinum mollum. Ýmsar dúrar og hreinir mollar ritaðir upp.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Áfram farið í aðferðir við að þekkja og skrá formerki í öllum dúrum og hreinum mollum. Ýmsar dúrar og hreinir mollar ritaðir upp. Tónbil greind eftir heyrn, nú og hér eftir öll tónbil innan áttundar.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Enn hnykt á aðferðum við að að þekkja og skrá formerki í dúrum og mollum og þeir skráðir upp. Hrynlestur með í einföldum taktegundum þar sem sumum slögum er að nokkru leyti deilt í fjórðunga. Sönglestur í tónt. með allt að 2 formerkjum.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Unnið með aðferðir við að fullgreina tónbil á blaði og þau greind eftir heyrn. Hrynlestur með í einföldum taktegundum þar sem sumum slögum er að nokkru leyti deilt í fjórðunga. Sönglestur í tónt. með allt að 2 formerkjum.	
6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Unnið með aðferðir við að fullgreina tónbil á blaði og þau greind eftir heyrn. Hrynlestur með í einföldum taktegundum þar sem sumum slögum er að nokkru leyti deilt í fjórðunga. Sönglestur í tónt. með allt að 2 formerkjum.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

7. vika (17. – 21. Okt 2022)	Enn farið í leiðir við að finna formerki í dúrum og mollum og fullgreina tóntegundir á blaði. Hrynlestur (klapp) og sönglestur í framhaldi af því sem áður var gert.	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Hljómhæfur moll og hvernig hann er ritaður upp. Fjallað um 10-12 alg. hljóðfæri og tónn þeirra greindur eftir heyrn. Hryn- og laglínudiktat, byggt á takt- og lagferli sem farið hefur verið í.	
9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)	Hljómhæfur og laghæfur moll og hvernig þeir eru ritaðir upp. Þær gerðir tónstiga sem lærðar hafa verið greindar eftir heyrn.	
10. vika (7. – 11. Nóv 2022)	Dúr, hreinn moll, hljómhæfur og laghæfur og upprit þeirra einnig í F-lykli. Greint eftir heyrn hvort hin ýmsu tóndæmi eru í dúr eða moll.	
11. vika (14. – 18. Nóv 2022)	Tónbil fullgreind á blaði og eftir heyrn. Ýmis upprifjun á áður lærðu námsefni.	
12. vika (21. – 25. Nóv 2022)	Ýmis upprifjun á áður lærðu námsefni. Minnt á valverkefnið og skilavikuna, næst síðustu kennsluviku fyrir jól.	
13. vika (28.Nóv – 2. Des 2022)	Hrynlestur og hryndiktat og sönglestur og laglínudiktat, í framhaldi af því sem áður var gert.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9. Des 2022)	Form og tónn hljóðfæra greindur eftir heyrn. Tónbil greind á blaði og nokkrir tónstigar uppritaðir, einnig í F-lykli.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Hlustað á frumsamin lög nemenda sem hafa valið þau sem valverkefni og önnur skiluð valverkefni skoðuð.	Skil á valverkefni.
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Jólatími, eithvað skemmtilegt gert.	